

FW: Fjármálaráðstefna sveitarfélaga - skráning

Til : Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Frá : Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Heiti : FW: Fjármálaráðstefna sveitarfélaga - skráning
Málsnúmer : 1309239
Málsaðili : Samband Íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 10.09.2013 11:24:37
Höfundur : Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Bæjarráðið

Með kveðju,
Guðrún Ágústa

GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR
BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐAR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | www.hafnarfjordur.is

image002.jpg

From: Magnús Karel Hannesson [mailto:magnus.karel.hannesson@samband.is]

Sent: 10. september 2013 10:26

To: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Subject: Fjármálaráðstefna sveitarfélaga - skráning

Til allra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2013 verður haldin dagana 3. og 4. október nk. Ráðstefnan verður haldin á Hilton Reykjavík Nordica hóteli við Suðurlandsbraut.

Skráning og afhending ráðstefnugagna hefst kl. 9:00 fimmtudaginn 3. október en ráðstefnan hefst kl. 10:00 og stendur fram til kl. 16:30. Þá verður boðið upp á léttar veitingar framan við ráðstefnusalinn. Ráðstefnan hefst að nýju kl. 9:00 föstudaginn 4. október og stendur til kl. 12:00. Síðari daginn verður dagskráin tvískipt í A- og B-hluta, þar sem fjölbreytt efnistöð verða í hvorum hluta fyrir sig, en þátttakendur velja á milli fyrirlestra. Dagskrá verður birt á heimasíðu sambandsins á næstu dögum.

Dagskrá ráðstefnunnar verður með líku sniði og undanfarin ár að því undaskildu að kl. 10:20 þann 3. október, að loknum ræðum formanns sambandsins og fjármálaráðherra, mun Þóra Arnórsdóttir fréttamaður stýra samræðum formannsins og fjármálaráðherrans um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Hægt er að koma ábendingum um umræðuefni eða beinum fyrirspurnum til formanns sambandsins eða fjármálaráðherrans til skila á netfangið gunnlaugur.juliusson@samband.is.

Innheimt verður 13.300 kr. þátttökugjald af hverjum þátttakanda. Innifalið í því er hádegisverðurhlaðborð á fimmtudeginum og kaffiveitingar meðan á ráðstefnunni stendur ásamt ráðstefnugögnum.

Skráning þátttakenda fer fram á vef sambandsins og er slóðin <http://www.samband.is/verkefning/fjarmal-sveitarfelaga/fjarmalaradstefnur/fjarmalaradstefna-2013/>

Skráningu lýkur mánudaginn 30. september nk. Eru það vinsamleg tilmæli að skráningarfrestur sé virtur, til að auðvelda starfsmönnum sambandsins undirbúning ráðstefnunnar.

Vinsamlega látið þessa tilkynningu berast til sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga, eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

image001.gif **Magnús Karel Hannesson**
sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs
Beint innval: 51 54 911
Netfang: magnus.karel.hannesson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 51 54 900 // Fax: 51 54 903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er sflaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)